

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 3. júlí 2019

Mál nr. S-651/2018:

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Margrét Herdís Jónsdóttir)

gegn

X

(Bjarni Hauksson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð miðvikudaginn 8. maí, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, útgefinni 18. desember 2018, á hendur X, kt. 000000-0000, [...], [...], „fyrir líkamsmeiðingar af gáleysi og umferðarlagabrot með því að hafa, mánudaginn 4. desember 2017, ekið bifreiðinni [...] austur Bæjarháls og beygt norður Bitruháls án nægjanlegrar aðgæslu eða varúðar og án þess að virða umferðarforgang gangandi vegfaranda á gangbraut þar sem umferð er stjórnað með umferðarljósum og þannig ekið á A, kt. 000000-0000, sem var gangandi eftir gangbrautinni áleiðis vestur Bæjarháls með þeim afleiðingum að A hlaut áverkainnanskúmsblæðingu og höfuðkúpubrot.

Mál nr. [...]

Telst þetta varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr., 4. mgr. og 5. mgr. 26. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Í málinu gerir Bjarni Þór Sigurbjörnsson lögmaður, þá kröfu f.h. A [svo], kt. 000000-0000, hér eftir nefndur kröfuhafi, að ákærði verði dæmdur til að greiða kröfuhafa miskabætur samtals að fjárhæð kr. 5.000.000, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað, eða hinn 04.12.2017, og þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvexti, sbr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt síðar framlögðum

málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins, að teknu tilliti til virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.“

Ákærði krefst aðallega sýknu, til vara þess að refsing verði felld niður en til þrautavara vægustu refsingar sem lög leyfi.

M. sem tók til varna gegn bótakröfu sbr. 2. mgr. 97. gr. laga nr. 50/1987, krefst þess aðallega að sýknað verði af bótakröfu en til vara að hún verði lækkuð. M krefst málskostnaðar úr hendi brotaþola.

Málavextir

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst lögreglu tilkynning kl. 10:09 hinn 4. desember 2017 um að ekið hefði verið á gangandi vegfaranda á mótum Bæjarháls og Bitruháls í Reykjavík. Væri hinn slasaði meðvitundarlaus og með áverka á höfði. Munu fyrstu lögregluþjónar hafa komið á vettvang kl. 10:13 og séð „mann liggja á götunni á Bitruhálsi við ofangreind gatnamót. Hann lá á akrein fyrir umferð á leið norður Bitruháls, við gangbraut sem liggur þvert yfir Bitruháls. Höfuð hans sneri í norður átt og lá hann beinn á bakinu. Hann var með báðar hendur í úlpuvösum en það er líklegt að hann hafi ekki náð að taka hendurnar upp úr vösum við höggið og því ekki náð að bera fyrir sig hendurnar við fallið. Við fórum að hlúa að manningnum. Hann var meðvitundarlaus en með öndun. Sjá mátti blóð koma frá höfði mannsins, n.tt. frá hnakka. Sjúkraflutningamenn komu á vettvang skömmu síðar og var hann í framhaldinu færður í sjúkrabifreið og fluttur á slysa- og bráðadeild Landspítalans í Fossvogi með forgangi. Kom í ljós að maðurinn heitir A, en það fundust vinnuskilríki á manningnum frá [...] með mynd af þeim slasaða. X kom strax til okkar á vettvangi og sagði að hann hefði ekið á manningnum. X var ökumaður á bifreiðinni [...]. Bifreiðin var rétt neðan við slysavettvang. [Bifreiðin] er [...] jeppabifreið á stórum hjólbörðum. Á vettvangi var hægur vindur, skýjað og hiti um 4 gráður. Það var myrkur á vettvangi en góð götulýsing. Yfirborð vegarins var blautt. Umferð var í meðallagi. [...] Við skoðun mátti sjá að grænt ljós fyrir gangandi vegfarendur yfir Bitruháls logar á sama tíma og grænt umferðarljós fyrir öikumenn sem eru að aka yfir ofangreind gatnamót til vesturs og austurs. Það er ekki sér beygjuljós fyrir öikumenn sem aka austur Bæjarháls með fyrirhugaða akstursstefnu norður Bitruháls.“ Í skýrslunni er haft eftir ákærða að hann hafi „verið að keyra austur eftir Bæjarhálsi og ætlaði að beygja til vinstri inn á Bitruháls en stöðvar á rauðu ljósi. [Ákærði] kveðst hafa tekið af stað á grænu ljósi og tekið beygjuna, ekki verið á miklum hraða, þegar hann

finnur eitthvað lenda á vinstri framhlið bifreiðarinnar. [Ákærði] kveðst svo hafa séð mann liggja í jörðinni í baksýnispeglinum og við það stöðvað bifreiðina og hringt í neyðarlínuna. [Ákærði] blés í SD-2 mæli og var niðurstaðan 0.00.“ Þá segir í skýrslunni að ekki hafi verið að sjá tjón á bifreið ákærða.

Í málinu liggur skýrsla B rannsóknarlögregluþjóns, dags. 8. desember 2017. Segir þar að hann hafi farið í [...] hinn 6. desember og meðal annars skoðað upptökur úr eftirlitsmyndavélum. Brotapoli var við störf í [...] hinn 4. desember. Í skýrslunni segir að klukkan 09:58 hafi brotapoli verið „búinn að taka síðasta brettið“ og þá átt pásu þar til framleiðsla skyldi hefjast að nýju kl. 11:00. Þá segir: „[Brotapoli] fer út úr byggingunni um kl. 10:00 og klukkan 10:01 sést [brotapoli] ganga út um hlið við [...] og ganga svo í vestur, í átt að [...] sem er við Hálsabraut. [...] Við mælingu á [vefsíðunni ja.is] eru um [...] metrar frá hliðinu sem [brotapoli] fer út um við [...] og að Bitruhálsi. Á venjulegum gönguhraða tekur rétt rúmlega [...] mínútu að ganga [...] metra og miðað við tímasetningu á tilkynningu sem er 10:09 er hægt að álykta að [brotapoli] hafi gengið beint þar sem leið lá að Bitruhálsi frá [...]“

Í málinu liggur skýrsla C rannsóknarlögregluþjóns, dags. 24. janúar 2018. Þar segist hann hafa verið kallaður á vettvang og hafi þá verið búíð að flytja brotapola á sjúkrahús en ákærði og bifreiðin hafi enn verið á vettvangi. Í skýrslunni segir meðal annars: „Engin greinileg ákoma fannst framan á bifreiðinni en á plastsvuntu neðan við stuðara á vinstra framhorni bifreiðarinnar virtist vera nýlegt nudd í óhreinindum á svuntunni.“

Í málinu liggur vottorð D, sérfræðings í bráðalækningum, dags. 28. desember 2017. Þar segir meðal annars að brotapoli haf komið á bráðamóttöku í Fossvogi kl. 10:38 hinn 4. desember. Hann hafi við skoðun verið „með lækkun í púlsi á 50, en önnur lífsmörk innan eðlilegra marka. Blóðsykur var eðlilegur. Hann blæddi úr smá sári yfir kúlu vinstra megin á hnakka. Við taugaskoðun hreyfði hann báðar hendur við sársaukaáreiti, sagði ekki neitt og opnaði ekki augu. Ítarleg fjöláverkaskoðun var að öðru leyti eðlileg.“ Ómskoðun hafi verið „neikvæð fyrir innvortis blæðingu [og] loftbrjóst. Tölvusneiðmyndir af heilanum sýndu heilablæðingu [...] og höfuðkúpubrot. Tölvusneiðmyndir af hálshrygg sýndu ekki brot, tilfærslu eða mjúkvefjubólgu. [...] Blóðrannsóknir voru án verulegra óeðlilegra aðstæðna og Etanol mæling neikvæð.“ Tekið var blóðsýni úr brotapola. Samkvæmt matsgerð rannsóknarstofu Háskóla Íslands

í lyfja- og eiturefnafræði, dags. 28. desember 2017, mældist í því tetrahydrókannabínól 1,4 ng/ml.

Í málinu liggur vottorð, dags. 6. maí 2019, undirritað af E, [...]. Í ýtarlegu vottorðinu segir meðal annars að brotþoli hafi, níu vikum eftir atvikið, hinn 5. febrúar 2018, komið á dagdeild [...] „til áframhaldandi endurhæfingar vegna síns heilaskaða. Við komu var hann með veruleg einkenni áunnins heilaskaða, ekki síst skert minni og einbeitingu, eins og nánar er lýst í umsögn taugasálfræðings [...]. Við komu var hann einnig með greinilega vinstri helftarlömum. Hann var þó uppigangandi en með hjálpartæki (fyrst göngugrind, síðar hækjur) en sleppti gönguhjálpartækjum fljótlega (var þó lengst af með eina hækju). Síðan var hann smám saman betur sjálfbjarga varðandi hreyfingu, hann stundaði mestmegnis sjálfsæfingar í sal seinni helming dvalarinnar og styrktist smátt og smátt, úthald jókst og jafnvægi batnaði líka við þjálfunina, hægt og sígandi. Við útskrift var hann þó enn með væg einkenni vinstri helftarlömunar og hann telur sig enn í dag ekki vera kominn með þann líkamlega styrk, úthald og líkamlegu færni sem hann hafði fyrir slys. Hann kvartaði einnig lengi vel og þótt ástandið skánaði talsvert eftir því sem á leið var hann við útskrift enn ekki laus við þessi auknu þreytueinkenni og skert úthald. Fyrstu vikurnar stórefuðumst við um að hann gæti búið heima, en það tókst, einkum vegna þess að hann fékk mikla aðstoð og stuðning frá móður sinni, með máltíðir, heimilisstörf svo og aðstoð við að komast af stað á morgnana í endurhæfingu á dagdeildina o.þ.h. Líklegast hefði [brotþoli] þurft að leggjast inn á legudeild fyrst ef móðir hans hefði ekki verið til staðar til þess að aðstoða hann. Í upphafi mætti hann illa, hann kom of seint nánast alla daga, hafði alltaf einhverja afsökun, en átti greinilega í miklum erfiðleikum með að skipuleggja sig. Hann hefur líka farið milli þjálfunarliða í dagskránni vegna eirðarleysis og afsakað sig með því að vera þreyttur og/eða illa upplagður, en þó ekki nýtt sér að hvíla sig hér á deildinni milli þjálfunarliða. Hann átti erfitt með að sinna flestum verkefnum, sem dæmi má nefna að í byrjun gat hann alls ekki leyst Sudoku þraut af einföldustu gerð, en færni við þetta og önnur hugræn verkefni fór hægt og sígandi batnandi í legunni. Matargerð gekk líka erfiðlega, hann skorti yfirsýn og þurfti í byrjun leiðsögn og eftirlit, jafnvel við einföldustu verkefni. Við komu gat hann ekki heldur leyst einföldustu verkefni í CogniPlus tölvustýrðu þjálfunarforriti hjá taugasálfræðingum, en þessi árangur er í samræmi við slaka frammistöðu á fyrsta taugasálfræðilega matinu sem var framkvæmt í byrjun febrúar 2018. Það sást líka greinilega þegar [móðir brotþola] þurfti að snúa aftur til sinna starfa í [...], nokkrum

vikum síðar, að [brotapoli] lenti í verulegum vandræðum fyrstu vikunnar. Hann grenntist, var oft illa til fara og sinnti ekki líkamlegum þrifum nægilega og mæting á dagdeildina að morgni (sem hafði batnað undir stjórn móður hans) versnaði verulega á ný. Þó tókst [brotapola] smám saman, með miklu átaki ásamt stuðningi og eftirliti iðjuþjálfra og hjúkrunarfræðinga [...], að ná betri yfirsýn og sjálfsbjargargetu.“ Síðar í vottorðinu segir: „Eins og fram kemur í mati og endurmati taugasálfræðinga, hefur [brotapoli] náð heilmiklum framförum í vitrænni getu með markvissri þjálfun í langan tíma, sem er að sjálfsögðu ánægjulegt. Árangurinn verður enn greinilegri í samanburði við verulega vitræna skerðingu [brotapola] þegar hann kom á dagdeildina (og enn verra ástand á fyrri hluta meðferðar á bráðadeildum, fyrstu daga og vikur eftir slys.) Þó voru greinilegir veikleikar enn til staðar við útskrift. Það hafði hægt verulega á framförum, sameiginleg niðurstaða meðferðarteymisins var, að ekki væri komist öllu lengra í bili, og þess vegna voru meðferðaraðilar sammála um að það væri tímabært að láta reyna á starfsendurhæfingu sem næsta skref, í framhaldi af dvölinni hér. Eftir mjög langa dagdeildardvöl, í samtals 7 ½ mánuð (að vísu með tveimur hléum) útskrifast [brotapoli] heim til sín. Hann er enn furðu óáttaður á köflum en er þó að hamast við að reyna að ná áttum. Eftir útskrift af [...] hefur lítið gerst. Beiðni var send til Virk starfsendurhæfingarsjóðs til mats og væntanlega til starfsendurhæfingar í framhaldi af því mati. Eftir langa bið komst [brotapoli] í fyrsta matsviðtal 22. 02. 2019. Niðurstaða þessa mats, dagsett 04. 03. 2019 var þó að „...[brotapoli] metur sig vinnufæran og vill fara að vinna en helstu spurningamerki varðandi vinnugetu eru varðandi cognitiva getu sem ekki verður unnið með í starfsendurhæfingu og ekki er möguleiki að bjóða honum stakar vinnuprófanir á vegum Virk og telst starfsendurhæfing því óraunhæf.““ Þá segir í vottorðinu að send hafi verið „innlagnarbeiðni á Starfsendurhæfingarsvið [...]“ en biðin eftir að komast þar að sé oft enn lengri en hjá Virk. Þó megi „telja líklegt að biðin upplifist ekki eins löng hjá [brotapola], þar sem svo virðist sem hann eigi hreinlega fullt í fangi með að sinna grundvallar Athöfnum Daglegs Lífs (ADL) og sinna hversdagsþáttum eins og að versla, taka til mat, þrif o.þ.h. Allt bendir til að hann hafi sjálfur mjög takmarkað innsæi í sitt ástand, sem í raun gerir mikla en dulda fötlun enn meira dulda. Miðað við niðurstöður matsins hjá Virk, ásamt árangri þjálfunar að [...], þá eru horfurnar á að [brotapola] takist að snúa aftur til starfa mjög lélegar, en að sjálfsögðu verðum við að láta á það reyna, hvort tilraun til starfsendurhæfingar muni skila einhverjum árangri.“ Þá er í vottorðinu vísað til þess að fram hafi farið gríðarlegur fjöldi rannsókna á brotapolu,

svo sem tölvusneiðmyndatökur af höfði ásamt heilariti og taugasálfræðileg mót og eru ýmsar niðurstöður þeirra raktar. Þá eru í vottorðinu talin upp „[h]elstu vandamál í dag: i) Vitræn skerðing í kjölfar áunnins heilaskaða er mesta vandamál [brotaþola] og það sem hindrar hann mest í lífi og starfi, eins og reynt hefur verið að gera skil á í nánast öllum köflum í þessu læknisvottorði. ii) Hreyfifærni, líkamlegur kraftur og úthald hefur enn ekki komið til baka að fullu. Að vísu gekk máttminnkun í vinstri líkamshelmingi, sem var ennþá veruleg og greinileg þegar [brotaþoli] kom á endurhæfingardeildina í febrúarbyrjun 2018, að verulegu leyti til baka og [brotaþoli] gat gengið án hjálpartækja, nokkra kílómetra í rólegum takti. Hann þreytist þó mun [meira] nú en áður og hvorki meðferðarteymið að [...] né [brotaþoli] sjálfur treystum honum í líkamlega krefjandi störf vegna þessa eins og er. iii) Brenglun á saltbúskap [vegna] skertrar myndunar ACHT (corticotropíns) í heiladingli, sem olli natríumskorti í blóði (hyponatremíu) greindist snemma í ferlinu og var meðhöndlað með sterkri vökvainntöku ásamt [lyfjagjöf]. Svo virðist sem heiladingull hafi endurheimt getu sína til að mynda ACTH, því við gátum hætt [lyfjagjöfinni] en saltbúskapur, þar með talið magn Natríums í blóði, hélst samt innan eðlilegra marka. Þó er óvíst hvort heiladingulsstarfsemin hafi náð sér algerlega á strik, þar sem væg skerðing á getu heiladinguls til hormónasvörunar getur m.a. orsakað þreytu, slen og skert úthald, en þetta eru einkenni sem getur verið mjög erfitt að aðgreina frá einkennum vitrænnar skerðingar t.d. vegna áunnins heilaskaða. iv) Flog [...]. [Brotaþoli] fékk alflog stuttu eftir innlögn á gjörgæsludeild á slysdegi og einnig mýoklóníur rúmlega viku síðar eins og lýst er. Reynt var að sleppa [brotaþola] við langtíma flogalyfjagjöf, en þegar hann fékk alflog á ný í páskafríi í [...] í apríl 2018, fjórum mánuðum eftir slys, varð ljóst að hann þurfti að vera á langtíma flogalyfjameðferð í a.m.k. 2 ár, en líklegast mun lengur eða jafnvel ævilangt. v) Akstursbann. Eftir flogakastið ríkir bann við akstri bifreiðar ríkir bann við akstri bifreiðar í 1 ár að jafnaði. Þetta varð til þess að ekki var hægt að framkvæma ökumat á [brotaþola] í dvölinni að [...]. [Brotaþoli] fór í tölvustýrt ökuhæfnismat hjá taugasálfræðingum á [...], en náði ekki tilskildum árangri á öllum undirþáttum prófsins. Þess vegna mælti [...] taugasálfræðingur með hefðbundnu ökumati, til nánari mats á ökugetu. [Brotaþoli] er enn í ökubanni, vegna ófullnægjandi frammistöðu í tölvustýrða ökuhæfnismatinu og þar sem hann hefur enn ekki farið í hefðbundið ökumat. Við munum bjóða honum að fara í slíkt ökumat, nú þegar ár er liðið frá síðasta flogi, en ef hann fær aftur flog þýðir það akstursbann á ný að jafnaði í eitt ár. Þetta takmarkar enn frekar hugsanlegt vinnuval

[brotaþola], en flest störf sem hann hefur unnið hingað til voru einmitt sem bílstjóri eða á akstur á lyftara. vi) Skert starfsgeta og mikil óvissa með starfsendurhæfingu er bein afleiðing hinnar vitrænu skerðingar vegna áunnins heilaskaða eftir slysið. Þegar við ekki sáum fram á frekari framfarir í taugasálfræðilegri þjálfun og í þjálfum á vitrænni getu hjá iðjuþjálfum, eftir óvenju langt meðferðartímabil (7 ½ mánuð, að vísu með hléum vegna ferða til [...] í tvígang, um páskana og í sumarfrí), var það ljóst að [brotaþoli] situr uppi með talsverðar varanlegar afleiðingar heilaskaðans. Mikil óvissa ríkir um starfsendurhæfingu hans þar sem Virk vísaði honum frá, þeir töldu að þeir gætu ekki aðstoðað hann neitt og mæltu með að starfsendurhæfing að [...] [yrði] reynd. Hann er enn í bið eftir að komast þar að. vii) Lífsgæði [brotaþola] verða að sjálfsögðu verulega skert til frambúðar vegna heilaskaðans, skertrar færni og allar hamlandi afleiðingar á líf og störf [brotaþola] sem þessi heilaskaði hefur haft í för með sér, eins og reynt hefur verið að lýsa í þessu vottorði.“ Læknirinn gefur í lok vottorðs síns svohljóðandi samantekt og álit: „1) Ljóst er að [brotaþoli] hefur þurft að þola gríðarlegan skammtíma miska vegna umrædds umferðarslyss, enda þurfti hann að dvelja á gjörgæsludeild í tvær vikur eftir slysið, þar af í öndunarvél í 11 daga. Einnig voru afleiðingar heilaskaðans á bráðastigi það alvarlegar að starfsfólk sjúkrahússins þurfti að ráða utanaðkomandi starfsmann (öryggisvörð) til samfelldrar yfirsetu fyrstu vikunnar eftir að hann vaknaði upp á ný eftir langvarandi meðvitundarleysi. Einnig má telja það hluta af bráðamiska fyrir [brotaþola] að þurfa að upplifa, þegar hann loksins fór að ná áttum, hve mikil einkum hin vitræna færnisskerðing vegna heilaskaðans var, auk máttminnkunar í öllum líkamanum (stjarfaferlömum), en með enn meiri einkenni frá vinstri líkamshelmingi (vinstri stjarfahelftarlömum). 2) Það er erfitt að meta hvenær s.k. stöðugleikapunktur var náð hjá [brotaþola]. Þó urðu framfarir mun hægari (þ.e.a.s. takmarkaður eða nær enginn árangur af frekari tilraunum til þjálfunar) síðustu mánuði dagdeildardvalar [brotaþola]. Þess vegna telur undirritaður að stöðugleikapunktur hafi verið náð um það leyti sem [brotaþoli] útskrifaðist af dagdeild [...] þann 01.10.2018. 3) Þegar fór að hægja verulega á framförum, varð æ greinilegra að [brotaþoli] mun sitja uppi með töluverðan langtíma miska og varanlega fötlun og örorku. Það sem skiptir öllu máli í þessu mati er, að þótt að hreyfigeta, þar með talin göngugeta [brotaþola], hafi að verulegu leyti gengið til baka, er miklu alvarlegri dulin fötlun enn til staðar sem mun gerbreyta lífi, líf skjörum og lífsgæðum hjá ungum áður stálhraustum manni. Ytra útlit við fyrstu kynni [gæti] platað þann sem hittir [brotaþola] til að halda að hann hafi náð allþokkalegum bata. Þó kemur í

ljóst að hann á erfitt með að rekja m.a.s. einföldustu staðreyndir einnig frá atburðum fyrir slysið (eins og t.d. hvenær hann bjó í hvaða landi og hvað hann starfaði við á hverjum stað). Dulin fötlun af þessu tagi er oft mun verri að bera, þar sem [brotaþoli] getur heldur ekki búist við skilningi né stuðningi frá umhverfinu, sem engan veginn gerir sér grein fyrir hve alvarlegar afleiðingar heilaskaðans eru. Það er skýr vísbending að Virk starfsendurhæfingarsjóður treystir sér ekki til að reyna starfsendurhæfingu, eftir að hafa hitt [brotaþola] og kynnt sér gögn málsins. Það er óvíst með öllu hvort sérhæfðri starfsendurhæfingu að [...] muni takast að koma [brotaþola] í gang með einhverja atvinnu, þó ekki sé nema hlutastarf í mjög takmörkuðu starfshlutfalli. Mat hjá Virk starfsendurhæfingarsjóði gefur ekki tilefni til bjartsýni; að mati undirritaðs eru meiri líkur en minni að [brotaþoli] muni vera óvinnufær, að langmestu eða trúlegra öllu leyti, það sem hann á eftir ólifað. Eitt augnablik, þegar keyrt var á fullfrískan og hraustan ungan einstakling, sem hafði að lífsstíl að kynnst heiminum með ferðalögum og ævintýramennsku og með því að ferðast milli landa og þannig kynnst landi, þjóð og menningu á hverjum stað, hefur gerbreytt lífi hins slasaða. Eftir tímabil með mjög alvarlegum bráðamiska, þar sem talið gjörgæsludvöl með meðferð í öndunarvél, eftir langt tímabil bráðameðferðar og óvenju langt endurhæfingartímabil, samtals upp undir 10 mánuði frá slysi (og þá á enn eftir að reyna starfsendurhæfingu), situr hann eftir með gríðarlega dulda fötlun, eins og lýst er hér að ofan. Þetta ber að hafa í huga, þegar skammtíma og langtíma miski, vitræn geta, andleg líðan, færni, starfsgeta og örorka [brotaþola] vegna umferðarslyssins þann 04.12. 2017 skal metin.“

Skýrslur fyrir dómi

Ákærði sagðist hafa verið við akstur umræddan morgun og átt erindi á Bitruháls. Hann hefði ekið austur Bæjarháls og ætlað sér að beygja til vinstri inn á Bitruháls. Hann hefði „lent á rauðu ljósi“ beðið um stund eftir grænu. Þegar græna ljósið hefði verið komið hefðu tvær bifreiðar komið úr gagnstæðri átt og ákærði ekið ofurlítið út á gatnamótin og beðið þar þangað til þeir hefðu verið farnir hjá „og tók svo beygjuna bara rólega af því að aðstæður voru mjög slæmar, það var mikið dimmviðri, rigningarúði og myrkur og lýsing ekki góð, og ég tók beygjuna mjög rólega og þegar ég kem eiginlega bara inn á Bitruhálsinn þá skellur eitthvað á frambretti bílsins og sökum dimmviðris þá sá ég ekki nákvæmlega hvað það var, og held áfram rólega og finn að þetta er ekki eðlilegt, það er eitthvað sem fer aftureftir bílnum svo ég stoppa og stekk út, þá sé ég mann liggja í götunni rétt fyrir aftan bílinn og ég eiginlega gríp símann eins og skot,

hringi í Neyðarlínuna og þar sem ég er að hlaupa að manningnum liggjandi í götunni þá er ég búinn að ná sambandi við Neyðarlínuna og gat gefið þeim upplýsingar um líðan mannsins, hann var andandi og hreyfði sig og þeir báðu mig um að bara láta hann eiga sig og koma ekki við hann og það komu tveir menn að, báðir Íslendingar, og annar þeirra kastaði yfir hann peysu þar sem hann var frekar illa klæddur og svo biðum við þarna bara í nokkurar mínútur þangað til lögreglan kom, restin er bara í lögregluskýrslum.“ Ákærði var spurður hvar á götunni bifreið hans hefði verið þegar eitthvað hefði skolið á henni. Ákærði svaraði: „Ég var bara á miðri akreininni, eiginlega bara með framhjólid þvert yfir gangstéttina og af því ályktaði ég að hann hefði bara verið á gangstéttinni þegar hann skall á bílnum, þetta er svona plastbretti á bílnum, bíllinn er á stórum dekkjum og hann bara skall á þessu plastbretti og seig svona aftur með bílnum, ég var í raun og veru á mjög litlum hraða af því að aðstæðurnar leyfðu ekki að þarna væri keyrt nema mjög varlega“. Ákærði sagðist hafa horft yfir „öll gatnamótin“ áður en hann hefði ekið þar yfir og bætti við: „Það var enginn á gangbrautinni þegar ég tek beygjuna.“ Spurður hvernig atvikið hefði mátt verða svaraði ákærði að hann vildi ekki vera með getgátur, „en hann birtist bara mjög snögglega og ég sá hann ekki koma.“ Nánar spurður sagði að ákærði „að eiginlega um leið og ég kem inn á Bitruhálsinn þá skellur hann á bílnum.“ Enn nánar spurður sagði ákærði: „Hann kemur í hlið bílsins, þegar ég er kominn inn í Bitruhálsinn, þá kemur hann frá sem sagt vinstri og skellur á hægri hlið bílsins og hann skellur á bílnum bara rétt fyrir framan þar sem ég sit, þannig að hann birtist bara“. Spurður hvort hann teldi brotþola hafa gengið á hlið bifreiðarinnar sagðist ákærði halda að hann hefði hlaupið, og bætti við að brotþoli hefði verið með hendur í vösum.

Ákærði sagðist ekki hafa tekið eftir ljósunum fyrir gangandi vegfarendur þegar hann hefði verið kominn út á gatnamótin, en eftir atvikið hefði hann athugað málið og séð þá „að það er grænt ljós á gangandi vegfaranda þarna um leið og það er grænt ljós á mig, og ljósin sem eru hinumegin við götuna, sem eru ætluð þessum gangbrautarljósum, þau eru í mikilli fjarlægð, þar eru svona þrjátíu fjörutíu metra í burtu, hinumegin við gangbrautina sem eru yfir Bæjarhálsinn. Og þennan staur fann ég eiginlega ekki fyrr en ég fór í annað sinn og kannaði aðstæður þarna.“ Ákærði sagðist ekki hafa tekið eftir gangbrautinni og kvaðst telja að hann hefði aldrei ekið þarna áður. Hugsanlega einhvern tíma en þá án þess að taka sérstaklega eftir umhverfinu. „Ég vissi ekki til þess að þarna væri gangbraut, þegar ég beygði þarna, en ég sá það náttúrulega þegar ég var að beygja að þarna var gangbraut og ég fór bara varlega yfir þá gangbraut, en það endaði

náttúrulega eins og það endaði.“ Nánar spurður sagðist ákærði líta svo á að gangbraut væri „sebrabraut“.

Ákærði sagðist hafa verið með öll lögboðin ljós tendruð á bifreiðinni umrætt sinn.

Ákærði sagðist hafa haft ökuréttindi í um fjörutíu og fimm ár og væri með öll hugsanleg réttindi önnur en til ökukennslu. Hann væri „ágætlega vanur bílstjóri“.

Ákærði sagðist hafa verið í góðu ástandi, „mjög hress og kátur“ og hefði fengið nægan svefn. Hann kvaðst telja sig hafa farið eins varlega og hægt hefði verið og sýnt alla þá varúð sem hefði verið nauðsynleg. Þetta hefði verið „skelfilegt slys“ sem hefði farið jafn illa með sig og brotþola. Sér hefði liðið illa út af þessu. Hann hefði meðal annars aflað sér endurmenntunar „til þess að geta verði betri bílstjóri“ og hefði „nýlokið allri þeirri endurmenntun sem er völ á og það er bara gert til þess að [...] svona geti ekki komið fyrir aftur“

A, brotþoli, sagðist ekkert muna eftir málinu og ekkert eftir umræddum degi. Á þessum tíma hefði hann starfað „hjá [...]“ og hafa gert í fjóra mánuði.

Brotþoli sagði að yfirleitt hefði hann nýtt kaffihlé í vinnunni til að borða eða hvíla sig. Yfirleitt hefði hann varið hléinu á vinnustaðnum. Sérstaklega spurður sagðist hann ekki hafa farið út að hlaupa.

Brotþoli sagðist alltaf hafa verið varkár en farið hratt yfir.

Brotþoli sagði að fyrir þetta atvik hefði hann stundum neytt kannabiss en hefði ekki gert það síðan. Hann kvaðst ekki muna hvenær hann hefði gert það síðast fyrir atvikið.

Brotþoli sagðist hafa verið með ADHD frá því hann var barn.

Brotþoli sagðist hafa fengið höfuðáverka og hefði glímt við þunglyndi eftir það. Nú „vantar svona þetta venjulega líf, vakna í vinnuna á morgnana, bara keyra bíl og þessa venjulegu hluti sem fólk gerir.“

Vitnið F sagðist hafa komið akandi Bitruháls til suðurs og ætlað að beygja vestur Bæjarháls. Myrkur hefði verið og rigning eftir því sem vitnið minnti. Pallbifreið hefði komið úr gagnstæðri átt „og þá sýnist mér eins og bara detti eitthvað drasl af pallinum hjá honum“ en svo hefði vitnið séð „fyrir aftan bílinn það er bara einhver hrúga, bílinn hann stoppar strax og maðurinn kemur út“. Vitnið hefði haldið að „eitthvað drasl“ hefði dottið af pallinum en „svo sýndist mér þegar ég keyrði í burtu að þetta hefði hreinlega bara verið maður og svo fór ég að bara að fylgjast með þessu í fréttum þarna á eftir, hvort

að þetta hefði verið maður eða ekki og svo kom það í ljós að þetta hefði verið maður“. Auglýst hefði verið eftir vitnum og vitnið gefið sig fram.

Vitnið sagðist ekki hafa tekið eftir bifreið ákærða „fyrr en eftir að hann er kominn yfir gangbrautina, ég er að mæta honum akkúrat þarna hann er eiginlega kominn sko yfir gangbrautina, eða á gangbrautinni eða já kominn yfir gangbrautina, svo við það, þegar ég mæti honum“. Vitnið kvaðst ekki vita hvort ákærði hefði hægt á bifreiðinni áður en hann hefði komið að gangbrautinni „en hann allavega stoppaði strax eftir þetta“. Bifreiðin hefði ekki verið á mikilli ferð.

Vitnið var spurt hvort það, sem vitnið hefði séð gerast, hefði orðið á gangbrautinni og svaraði: „Já, það er eiginlega á gangbrautinni, já já það er á gangbrautinni.“ Vitnið sagðist ímynda sér að það hefði séð brotþola „koma bara undan bílnum“. Nánar spurt bætti vitnið við: „Mér finnst sennilegt að hann hafi farið beint fyrir framan hann, [...] ef hann hefði farið á hliðina þá hlýtur maðurinn að hafa kastast til hliðar [...], ég ímynda mér það, [...] Fyrir mér finnst mér það eins og hann kæmi bara undan miðjum bílnum fyrir aftan“.

Vitnið hefði verið hugsanlega hundrað metra frá gatamótunum eða svo.

Vitnið sagðist ekki hafa séð neinn mann á ferli við gangbrautina, hvort gangandi né hlaupandi.

Vitnið G lögregluþjónn sagði lögreglu hafa komið á vettvang og hafa séð mann liggjandi á götunni. Hún hefði þegar farið að sinna honum en þegar sjúkraflutningamenn hefðu komið á vettvang hefði lögregla farið í það „að ná svona utan um vettvang.“ Vitnið sagði að brotþoli hefði legið „á rauninni gangbrautinni, þarna þvert yfir Bitruháls og [...] höfuðið á honum sneri í norðurátt“.

Vitnið sagði að brotþoli hefði verið meðvitundarlaus. Hann hefði verið með hendur í vösum.

Vitnið sagði að ákærði hefði verið í uppnámi en þó rólegur og vel viðræðuhæfur.

Vitnið sagði að myrkur hefði verið og blautt yfir, en þó ekki rigning eftir því sem vitnið minnti. Umferð hefði verið „frekar róleg“ og „frekar rólegt yfir öllu“.

Borið var undir vitnið sem það hefði skráði í skýrslu sína um að götulýsing væri góð. Vitnið sagðist ekki muna það lengur en þetta væri rétt ef það hefði verið skráð í skýrsluna. Vitnið staðfesti skýrslu sína.

Vitnið H lögregluþjónn sagðist hafa komið á vettvang, hitt þar ákærða og farið með honum í lögreglubifreið. Ákærði hefði verið „í töluverðu sjökki“. Loks hefði vitnið farið með brotþola á sjúkrahús.

Vitnið sagði að frekar dimmt hefði verið á vettvangi.

Vitnið I lögregluþjónn sagðist hafa komið á vettvang til aðstoðar sem rannsóknarlögreglumaður og hefði þá verið búið að flytja brotþola af vettvangi. Þykir ekki ástæða til að rekja framburð vitnisins frekar.

Vitnið J lögregluþjónn kvaðst hafa komið á vettvang til rannsóknar. Engin ummerki hefðu verið á götunni, hemlaför eða slíkt, en auðkennt hefði verið hvar brotþoli hafði legið. Vettvangurinn væri ljósastýrð krossgatnamót með mörgum akreinum. Bifreið ákærða hefði verið á beygjuljósi til vinstri.

Bifreið ákærða hefði verið flutt til skoðunar. Vitnið sagði að línur sem afmörkuðu gangbrautina hafa verið vel sjáanlegar. Ekki hefði verið „sebramerking“ heldur gönguleiðarlínur.

Vitnið sagði að miðað við það hvar brotþoli lá, samkvæmt merkingum á vettvangi, ögn norðan við gönguleiðarmerkinguna, hefði hann að mati vitnisins verið á gangbrautinni þegar ekið hefði verið á hann. Um þetta gæti hann þó ekki fullyrt með vissu. Á stuðara bifreiðarinnar hefði verið nýlegt nuddfar og ef það hefði verið eftir umrætt atvik teldi vitnið líklegt að brotþoli hefði verið „kominn langleiðina út á umferðareyjuna á milli akreina þarna norður Bitruhálsinn og sem að fær þá stoð líka í kannski hvar merkt er við að hann hafi legið“. Nánar spurt sagði vitnið að miðað við „það sem ég taldi vera ákomustað á bílnum og hvar hann lá þá finnst mér líklegast að hann hafi bara rétt lent í framhorninu, skoðun bara.“ Vitnið staðfesti skýrslu sína og ljósmyndir.

Vitnið K lögregluþjónn sagðist hafa komið að málinu sem rannsóknarlögreglumaður. Þegar vitnið hefði komið á vettvang hefði lögregla verið komin þangað og sjúkralið verið að flytja brotþola meðvitundarlausan brott.

Vitnið sagði að ákærði hefði verið í uppnámi á vettvangi og hefði verið kallaður í skýrslutöku síðar.

Á vettvangi hefði verið rætt við ákærða og því næst hefðu ferðir brotþola verið kannaðar, en hann hefði verið að koma af vinnustað sínum. Eftirlitsmyndavélar hefðu verið kannaðar „þá kom það alveg heim og saman tímasetningin frá því hann hafði farið frá [...] og gengið rակleiddis að þessum ljósum.“ Brotþoli sæist á eftirlitsmyndavélum

við [...] og gengi „rakleitt að ljósunum“. Myndirnar væru óskýrar en göngulag brotaþola virtist eðlilegt, eðlilegur gönguhraði. Gatnamótin sjálf sækjust ekki á upptökunum.

Vitnið sagði að þegar grænt ljós logaði á umferðina austur vestur logaði einnig grænt gönguljós yfir Bitruháls, en ákærði hefði komið austur Bæjarháls og verið á leið norður Bitruháls.

Vitnið D, [...], staðfesti vottorð sitt. Vitnið sagði brotaþola hafa verið með mjög skerta meðvitund við komu á sjúkrahúsið. Ómskoðun hefði hvorki leitt í ljós innvortis blæðingu né loftbrjóst. Sneiðmynd hefði sýnt blæðingu í heila og einnig hefði brotaþoli verið með höfuðkúpubrot.

Vitnið L, [...], staðfesti vottorð sitt. Vitnið sagði brotaþola ekkert muna eftir slysdeginum. Brotaþoli myndi eftir deginum áður og næst nokkurum vikum síðar. Vissi vitnið því lítið um atvikið sjálft. Samkvæmt gögnum hefði brotaþoli fengið höfuðkúpubrot yfir gagnaugablað og hvirfilblað, innanskúmsblæðingar og blæðingar undir heilabasti, „hörðu heilahimnunni“, og einnig blæðingar vegna mars víða í heilanum.

Vitnið sagði brotaþola hafa gengið í gegn um „langt og erfitt bráðaferli“ og hann meðal annars fengið flog og hafi þurft að svæfa hann. Brotaþoli hafi fengið hækkaðan innankúpuþrýsting og þegar létt hafi verið á svæfingunni hefði þrýstingurinn hækkað og þá þurft að svæfa brotaþola aftur. Hefði tekið nær tvær vikur að ráða bót á þessu og taka brotaþola úr öndunarvél. Eftir það hefðu tekið vikur þar sem brotaþoli hefði þurft vaktmann yfir sér allan sólarhringinn. Loks hefði brotaþoli farið á dagdeild á [...] og verið þar í sjö og hálfan mánuð. Hann hefði verið „mjög illa á sig kominn“ við komuna þangað og hefði alls ekki getað verið á dagdeild ef móðir hans hefði ekki getað tekið sér leyfi úr vinnu til að aðstoða hann við daglegt líf fyrstu vikunnar. Þegar hún hefði farið aftur til vinnu hefði hallað undan fæti hjá brotaþola, „hann nærðist ekki, hann hafði ekki vit á að borða, hann hafði ekki vit á að mæta tímanlega, hann þreif sig ekki“. Í iðjuþjálfuninni hefðu orðið „vandræði að kenna honum að bara sjóða egg“ [...] allar einföldustu athafnir [gengu] ekki.“ Þá hefði brotaþoli verið með vinstri helftarlömum við komu og þurft að ganga við göngugrind. Sú lömun hefði gengið að hluta til til baka „en vitræn skerðing, sem sem sagt skerðing í [allri] hugsun, yfirsýn, minni, að ná áttum, að geta skipulagt sig, allt þetta var gjörsamlega í rúst þegar hann kom og tók langan tíma að byggja upp að hluta til en eftir útskrift, og hann útskrifaðist frá okkur í seinni hluta september 2018, reyndar síðustu tvo þrjá mánuði, tvo mánuði eða svo á deildinni hafði

lítil breyting orðið til hins betra, hann er áfram með sína vitrænu skerðingu og þar að auki skert innsæi í eigin vandamál sem gerir þetta ennþá verra, hann áttar sig ekki nógu mikið á veikleikunum, telur sig vera betri en hann er og getur ekki metið rétt hvað væri æskilegt fyrir hann að gera.“ Væri ástand brotaþola eins og hann væri „átta til tíu ára í þroskaferli og er þar að staðaldri.“ Vitnið bætti við um þetta að segði þetta „með fyrirvara hvort það sé átta, tíu eða tólf ára, en þið skiljið hvað ég meina. Hann er að mörgu leyti eins og barn og hefur innsæi eins og barn. Áttar sig á heilmiklu, af því að hann hefur tekið framförum, eins og barn þá telur hann sig átta sig á meira en hann í raun og veru gerir, en þetta er það umfangsmikill heilaskaði, að vísu hefur ekki verið tekin tölvusneiðmynd eða segulómun eftir janúarbyrjun en þetta var svo sláandi mynd, bæði röntgenmyndataka og klínísk mynd“. Brotaþoli hefði verið „í verulegri lífshættu“ og hefði orðið að komast með hraði á sjúkrahús.

Vitnið sagði að afleiðingarnar yrðu líklega viðvarandi ævilangt og bætti við: „Þetta er svo dulin fötlun, hann gengur um keikur, hress, brosir, kann svona einfalda frasa á pólsku og ensku, kunni fleiri mál þau þurrkuðust út bara bókstaflega. Hans lífsstíll var dálítið svona ævintýrlegur, að ferðast um og vinna fyrir sér í nokkurum löndum, í Evrópu [...] og kynnast fólki og menningu á staðnum, [...]. Það er stór spurning hvort hann geti sinnt starfi, [...] því hann hefur líka þreytu, svona heilapreytu svokallaða, og minnkað úthald og minnkað þrek og minnkað þol, sem er bein afleiðing af heilaskaðanum og það getur setið eftir í mörg ár, fimm ár eða lengur og jafnvel ævilangt að einhverju leyti. Svo það er spurning, stór spurning, hvort að hægt sé að finna eitthvað starf sem er nógu lítið krefjandi, líkamlega og andlega, til að hann geti sinnt því í hlutastarfi í einhverju litlu starfshlutfalli, eða, mér finnst það allt eins líklegt að hann muni aldrei geta unnið, þetta er það lúmsk og þetta er það mikil dulin fötlun.“ Vitnið bætti við að brotaþoli hefði „reyndar fullt í fangi með bara að sjá um sig sjálfur, sinna sér. Svo þetta eru hryllilegar afleiðingar.“ Vitnið sagði að brotaþoli liti vel og hressilega út en „ef maður lyftir aðeins á bak við og spyr dýpra, hann getur ekki skrifað tölvupóst [...] sem er með heilli setningu, þetta eru svona stikkorð“.

Vitnið sagði að brotaþoli glímdi við dæmigerðar afleiðingar höfuðhöggs eins og hann hefði fengið. Stundum yrði meiri hreyfifötlun en brotaþoli hefði „furðu góða hreyfigetu“. Vitnið sagðist hafa skoðað brotaþola stuttlega daginn fyrir aðalmeðferð málsins og væru niðurstöður sínar í öllum meginatriðum óbreyttar.

Vitnið sagði að ástand brotþola væri „dæmigert fyrir vitrænan áverka eftir áunninn heilaskaða.“ Vitnið sagði að ekkert benti til þess að neitt annað en umrætt atvik væri orsök þeirra erfiðleika sem brotþoli ætti við að glíma.

Niðurstaða

Ljóst er að ákærði ók bifreið sinni umræddan morgun austur Bæjarháls í Reykjavík og beygði til norðurs inn á Bitruháls. Þar varð brotþoli fyrir bifreiðinni. Með vottorði D lækni og skýrslum hans og L lækni fyrir dómi er sannað að við það hlaut brotþoli þá áverka sem í ákæru greinir.

Fyrir liggur að brotþoli var á þessum tíma starfsmaður í [...] [...] á [...]. Þar var brotþoli við störf um morguninn en gert var klukkustundarhlé á vinnunni og hann gekk út um hlið vinnustaðarins kl. 10:01. Átta mínútum síðar barst lögreglu tilkynning um að ekið hefði verið á brotþola. Samkvæmt lögregluskýrslu eru [...] metrar frá hliðinu að gatnamótunum og verður af þessu dregin sú ályktun að brotþoli hafi gengið sem leið lá að gatnamótunum á eðlilegum gönguhraða.

Sjálfur kveðst brotþoli ekkert muna eftir atvikinu og þykir engin ástæða vera til að bera bríður á það. Ákærði kveðst ekki hafa séð brotþola fyrr en hann sá hann liggja í götunni. Hefur þannig enginn borið fyrir dómi af eigin sjón hvar nákvæmlega brotþoli var staddur þegar hann varð fyrir bifreiðinni. Fyrir liggja hins vegar í málinu ljósmyndir, bæði af brotþola þar sem hann liggur á götunni og af merkingum sem lögregla setti upp, eftir að hann hafði verið fluttur á sjúkrahús, til marks um hvar hann lá þegar að honum var komið. Af myndunum að dæma hefur brotþoli legið um metra fyrir norðan gangbrautina, vel vestan við miðju akreinarinnar. Ákærði sagði við lögreglu á vettvangi að hann hefði fundið eitthvað skella á vinstri framhlið bifreiðar sinnar og fyrir dómi sagði hann eitthvað hafa skolið á frambretti hennar. Vitnið J lögregluþjónn sagði nýlegt nuddfar hafa verið á stuðara bifreiðarinnar og ljósmynd er lögregla tók á vettvangi sýnir nýlegt nudd á plastsvuntu neðan við vinstra stuðarahorn bifreiðarinnar. Ljóst er að brotþoli kom úr austri, en hann hafði yfirgefið vinnustað sinn á [...] stuttu áður, eins og rakið hefur verið. Þótt ekkert verði fullyrt með vissu um hvert brotþola hugðist fara umræddan morgun, ef nokkurt sérstakt, er gangbrautin á eðlilegri gönguleið þess sem kemur vestur Bæjarháls eins og hann gerði. Þegar á framanritað er horft og þá einkum það hvar brotþoli lá eftir að hann varð fyrir bifreiðinni, sem ákærði kvaðst hafa ekið rólega, þykir mega leggja til grundvallar að brotþoli hafi verið á gangbrautinni þegar hann varð fyrir bifreiðinni.

Sá tími sem leið frá því brotþoli yfirgaf vinnustað sinn og þar til hann varð fyrir bifreiðinni bendir til þess að hann hafi farið þangað á eðlilegum gönguhraða. Ekki er vitað um neinn sem tók eftir honum áður en hann varð fyrir bifreið ákærða. Þegar að brotþola var komið á götunni var hann með hendur í vösum. Ekkert hefur komið fram í málinu sem bendir til þess að hann hafi farið sérstaklega óvarlega þannig að ráðið geti úrslitum í málinu. Í blóðsýni úr brotþola mældist tetrahydrókannabinól, 1,4 ng/ml. Sú niðurstaða gerir ekki að verkum að líta verði svo á að líkur séu á að hann hafi farið óvarlega á ferð sinni svo máli skipti.

Samkvæmt 4. og 5. mgr. 26. gr. umferðarlaga má ökumaður, við beygju á vegamótum, ekki valda gangandi vegfaranda, sem fer yfir akbrautina, sem beygt er inn á, hættu eða óþægindum. Við gangbraut skal ökumaður bíða eftir gangandi vegfaranda, sem er á gangbrautinni á leið yfir akbrautina, þótt umferð sé að öðru leyti heimil í akstursstefnu ökumannsins. Ef gangbrautin er við vegamót og ökumaður kemur að henni úr beygju á vegamótunum, skal hann aka hægt og bíða meðan gangandi vegfarandi, sem er á gangbrautinni eða á leið út á hana, kemst fram hjá. Óumdeilt er í málinu að þegar grænt umferðarljós lýsir fyrir gangbrautina lýsir einnig grænt fyrir umferð austur og vestur Bæjarháls.

Af því sem rakið hefur verið verður að leggja til grundvallar að brotþoli hafi farið um gangbrautina þegar ákærði ók bifreið sinni að henni. Við þær aðstæður ber ökumanni samkvæmt 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga að gæta þess að valda gangandi vegfaranda hvorki hættu né óþægindum og honum ber, samkvæmt 5. mgr. sömu greinar, að bíða meðan gangandi vegfarandi, sem er á gangbrautinni eða á leið út á hana, kemst fram hjá. Ákærði ók bifreið sinni þannig að brotþoli varð fyrir henni á leið sinni yfir götuna. Í lögregluskýrslu er aðstæðum lýst svo að myrkur hafi verið en góð götulýsing, yfirborð vegarins hafi verið blautt. Fyrir dómi lýsti ákærði aðstæðum þannig að þær hefðu verið mjög slæmar, mikið dimmviðri og myrkur, rigningarúði og lýsing ekki góð. Erfiðar aðstæður kalla á sérstaka varkárni ökumanns og má hafa í huga að samkvæmt 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga skal ökuhraða jafnan miða við aðstæður með sérstöku tilliti til öryggis annarra. Ökumaður skal þannig miða hraðann við gerð og ástand vegar, veður, birtu, ástand ökutækis og hleðslu, svo og umferðaraðstæður að öðru leyti. Hraðinn má aldrei verða meiri en svo að ökumaður hafi fullt vald á ökutækinu og geti stöðvað það á þeim hluta vegar fram undan, sem hann sér yfir og áður en kemur að hindrun, sem gera má ráð fyrir. Þá segir í d lið 2. mgr. sömu greinar að sérstök skylda hvíli á ökumanni að

aka nægilega hægt miðað við aðstæður áður en komið sé að gangbraut. Þá kemur fram í 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga sú almenna regla að vegfarandi skuli skal sýna tillitssemi og varúð svo að eigi leiði til hættu. Ákærði kveðst hafa ekið rólega yfir gatnamótin enda hafi aðstæður verið slæmar. Ekki er ástæða til að efast um að ákærði hafi ekið rólega. Engu að síður fór svo að hann ók bifreið sinni á gangandi vegfaranda, sem hann tók ekki eftir fyrr en allt var um garð gengið. Þegar á allt framanritað er horft er óhjákvæmilegt að virða ákærða þetta til stórfells gáleysis og verður háttsemi hans heimfærð undir 1., 4. og 5. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1987 og 219. gr. laga nr. 19/1940 en í ljósi dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 625/2013 verður 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga metin svo almennt orðuð að hún verði ekki talin viðhlítandi refsheimild.

Ákærði hefur ekki sakaferil. Hann er kominn á sjötugsaldur og enginn vafi er á að málið hefur verið honum mjög erfitt. Eftir atvikið hefur hann leitað endurmenntunar sem ökumaður. Hann hefur að mati dómsins skýrt hreinskilnislega frá málavöxtum frá sínum bæjardryrum. Hins vegar varð tjón brotaþola mjög verulegt. Þegar á allt er horft verður refsing ákærða ákveðin fangelsi í þrjátíu daga en fullnustu hennar verður frestað og niður falli hún að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð.

Ákærði er bótaskyldur við brotaþola. Fyrir liggur miskabótakrafa brotaþola og er hún byggð á a lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Með vottorði og skýrslu L læknis fyrir dómi er sannað að brotaþoli varð fyrir verulegu óafturkræfu tjóni við atvikið. Hann var ellefu daga í öndunarvél og mánuðum saman á dagdeild á [...]. Hann glímir við vitræna skerðingu og er að mati læknisins nú eins og barn í vitrænum þroska. Möguleikar hans á að vinna fyrir sér eru mjög takmarkaðir. Ljóst er að atvikið hefur í för með sér miklar og vafalaust þungbærar breytingar í lífi brotaþola. Samkvæmt gögnum málsins hefur tryggingafélag ákærða þegar greitt brotaþola tæplega sex milljónir króna en þær greiðslur eru ekki vegna miska samkvæmt a lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Ekki er skilyrði þess að heimild a. liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga verði beitt að sýnt sé fram á að miski tjónþola yrði vanbættur ef einungis yrðu greiddar bætur á grundvelli 3. og 4. gr. laganna. Þegar á allt er horft verður ákærða gert að greiða brotaþola fjórar milljónir króna í miskabætur ásamt vöxtum eins og í dómsorði greinir en bótakrafa mun hafa verið birt ákærða 24. janúar 2019. Brotaþola var skipaður réttargæzlumaður og verður honum ekki dæmd sérstök fjárhæð vegna málskostnaðar. Ákærða verður gert að greiða 1.117.240 króna málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna Haukssonar lögmanns og 1.054.000 króna þóknun skipaðs réttargæzlumanns brotaþola, Berglindar Glóðar Garðarsdóttur

lögmanns, en hvortveggja þóknunin er ákveðin með virðisaukaskatti. Við munnlegan málflutning var lýst yfir af hálfu sækjanda að annar sakarkostnaður væri 43.900 krónur auk 67.773 króna ferðakostnaðar brotþola. Ákærða verður gert að greiða þennan kostnað. Gætt var 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008. Af hálfu ákærvaldsins fór Margrét Herdís Jónsdóttir saksóknarfulltrúi með málið. Þorsteinn Davíðsson kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð

Ákærði, X, sæti fangelsi í einn mánuð. Fullnustu refsingarinnar skal frestað og niður skal hún falla að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði greiði A fjórar milljónir króna ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 4. desember 2017 til 24. febrúar 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 1.117.240 króna málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna Haukssonar lögmanns og 1.054.000 króna þóknun skipaðs réttargæzlumanns brotþola, Berglindar Glóðar Garðarsdóttur lögmanns og 111.673 króna annan sakarkostnað.

Þorsteinn Davíðsson